

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Bláskógabyggð, Austurey I og III, íbúðarsvæði breytist í verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 19. febrúar 2015 breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í Bláskógabyggð, sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 11. desember 2014.

Í breytingunni felst að 1,5 ha íbúðarsvæði í landi Austureyjar I og III verður svæði fyrir verslun og þjónustu, ferðaþjónustu. Heimilt verður að reisa allt að 1.600 m² húsnæði á svæðinu undir gistiþjónustu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 19. febrúar 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2015